

HAGSMUNASAMTÖK **22** SAMKYNHNEIGÐRA

YFIRLÝSING VEGNA TILSKIPUNAR BANDARÍKJAFORSETA

ER VARÐAR SVOKALLAÐ TRANSFERLI BARNA

Reykjavík 29. janúar 2025

Í gærkvöld undirritaði Donald J. Trump, Bandaríkjaforseti tilskipun „Protecting children from chemical and surgical mutilation“ eða á íslensku „Vernd barna gegn afskræmingum með lyfjum og skurðaðgerðum“.

Samtökin 22 – Hagsmunasamtök samkynhneigðra fagnar þessum forsetaúrskurði. Síðan við vorum stofnuð, fyrst sem LGB teymið, og svo í núverandi mynd þann 22.02.2022 höfum við barist gegn því að börn séu krúð að og sett í miðdepil svokallaðs „hinsegin“ aktívisma og aðstæður tengdum honum.

Við höfum verið ákveðin, hvöss en staðföst í okkar málflutningi er varðar málefni barna sem glíma við sjálfsvitundarvanda og unglingsstúlkur sem glíma við lélega sjálfsmynd af margvíslegum toga.

Í yfirgnæfandi meirihluta eru þessi ungmenni að glíma við taugaproskaraskanir, félagslega einangrun, áfallastreituröskun, trauma og fleira.

Þessi hópur þarf á sálrænni aðstoð að halda. Ekki fullorðnum einstaklingum sem telja honum trú um að hann gæti hafa fæðst í röngum líkama eða eru meðvirkir í ranghugmyndum sem þessir einstaklingar kunna hafa þróað með sér.

Undanfarin ár hefur það reynst erfitt að eiga samskipti við íslenska fjölmiðla og stjórnvöld.

Okkur hefur þó tekist að eiga nokkra fundi með m.a. fastanefndum Alþingis, embætti landlæknis, forstjóra Landsspítalans, einstaka þingmenn, ráðherra og fleiri.

Frá því við vorum stofnuð höfum við sem erum andlit samtakanna útávið verið rægð, smánuð og ofsótt. Félagið okkar hefur kerfisbundið verið sniðgengið í fjölmiðlum og þá sérstaklega þegar Ríkisútvarpið á í hlut. Stofnun sem samkvæmt lögum á að fjalla um mál frá ólíkum sjónarhornum.

Samtökin 22 hafa ætíð verið tilbúin að ræða við önnur samtök, heilbrigðisyfirvöld og stjórnvöld á heiðarlegan og opinskáan hátt.

Nú er staðan þannig að Ísland er að einagrast ennfrekar er varðar grimmar, ógagnreyndar meðferðir á börnum sem segjast upplifa sig sem eitthvað annað en þau eru.

Kynþroskabælandi lyfjagjafir til barna eru EKKI óafturkræfar meðferðir og því meir sem okkur miðar áfram að safna gögnum mælir mun meira gegn notkun lyfjanna en með þeim.

Í fyrradag bættist Queenland í Ástralíu í hóp fjölda vestrænna ríkja sem hafa hætt þessum ógagnreyndu kynþroskabælandi meðferðum á líkamlega heilbrigðum ungmönnum.

HAGSMUNASAMTÖK **22** SAMKYNHNEIGÐRA

Það er löngu tímabært að við gerum hið sama.

Samtökin '78 voru tekin yfir af ofstækisfullum kynja-og hinseginfræðingum fyrir meira en áratug síðan. Þar á bæ skiptir hugmyndafræðin meira máli en heila og velferð ungmenna. Þessa ályktun drögum við vegna þeirrar mótstöðu sem þau sýna þegar æ fleiri gögn og vísbendingar koma í ljós sem sýna fram á að málflutningur okkar samtaka og samstarfaðila eigi við röök að styðjast.

Við nýtum aðeins RITRYND gögn þegar við vörpum fram staðhæfingum.

Í ljósi þess að allt transferli barna hefur nú verið gert ólöglegt í Bandaríkjunum, landinu sem þessi hugmyndafræði er flutt til Íslands frá, er tímabært að við stöðvum þessa starfsemi á Íslandi strax áður en skaðinn verður meiri og skaðabótaskylda hins opinbera eykst.

Við biðlum því til fjölmiðla og stjórnvalda að eiga fleiri samtöl við okkur.

Við erum hérna til þess að aðstoða. Á bak við okkur er fjöldi fræðimanna, samkynhneigðra, heilbrigðisstarfsmanna og fleiri allsstaðar að.

Samtökin '78 fara fram á að íslensk stjórnvöld fordæmi þessa forsetaúrskurði Bandaríkjaforseta. Það gerum við ekki.

Við viljum hinsvegar upplýsa íslensk stjórnvöld og almenning um að ef íslensk stjórnvöld fara ekki að hætta þessum mannréttindabrotum á ungmennum; (ungmendum sem án læknisfræðilegar tilraunastarfsemi myndu í langflestum tilvikum vaxa úr grasi og verða að fullorðnum samkynhneigðum einstaklingum – oft á einhverfurófinu) þá munum við leita til bandarískra og annara erlendra stjórnvalda, í ríkjum þar sem við eigum mikla hagsmuni undir til, þess að setja aukin þrýsting á íslensk stjórnvöld til þess að bæta úr þessum málum.

Við vonum auðvitað að til þess komi ekki.

Transferli barna eru bælingarmeðferðir við samkynhneigð.

Allt transferli barna teljast til ÓGAGNREYNDRA meðferða.

Að hamla eðlilegum kynþroska einstaklings er mannréttindabrot.

Virðingarfyllst,

Eldur Smári Kristinsson

formaður

Heimildir: <https://www.whitehouse.gov/presidential-actions/2025/01/protecting-children-from-chemical-and-surgical-mutilation/>

<https://statsforgender.org/puberty-blockers/>

<https://cass.independent-review.uk/>